

Borgarráð 11. janúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna ISO staðals um sjálfbærni sveitarfélaga MSS24010105

Reykjavík er eitt sveitarfélaga sem hafa innleitt, eða eru að innleiða, mælingar samkvæmt ISO staðli 37120 um sjálfbærni sveitarfélaga. Ávinningur er sennilega mikill en engu að síður má spyrja hver hann sé og hver er kostnaður við þetta. Fleiri sveitarfélög hafa innleitt mælingar samkvæmt ISO staðli 37120 um sjálfbærni sveitarfélaga og þá er einnig vert að nefna loftslagsmæli Festu sem nokkur sveitarfélög nýta. Við val á árangursviðmiðum og mælikvörðum má spyrja: Hvernig vitum við að við erum á réttri leið? Hvernig vitum við að aðgerðir okkar skapa breytingar til batnaðar og hvernig er samráði háttað?